

G J A L D S K R Á

Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

- 1.1 Um kWh-mæli á kr. 11,40. **A. Lýsing.**
 1.2 Um kWh-mæli á kr. 4,82 á hverja kWh, auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 3,86 á ferm., á mánuði.
- Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 2,04 á ferm., á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kWh-mæli kr. 2,85 á hverja kWh, auk fastagjalds er nemi kr. 20,90 á mánuði, af hverju herbergi.

I útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol eða eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

- 3.1 Um einn kWh-mæli þannig: á kr. 7,82 á hverja kWh.
 3.2 Kr. 2,42 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að $1\frac{1}{2}$ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
 3.3 Kr. 3,14 hver kWh, án skilyrða um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarfl fasttengdra véla er yfir 20 kW.
 3.4 Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
 Aflgjald af notuðu afli kr. 2 960,00 kW/ári.
 Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1,04 hver kWh.
 3.5 Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja það þannig:
 Um kWh-mæli á kr. 1,04 á hverja kWh, auk fastagjalds kr. 2 340,00 á ári, fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 1,28 hver kWh.
 4.2 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 0,66 hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- 5.1 Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli kr. 4,82. Alla raforkunotkun sem ótalín er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrálið A—1.
 5.2 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 1,97. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|-------------------|
| 1. Af einfasa mælum | kr. 20,90 á mán. |
| 2. Af þrifasa mælum allt að 100 A | kr. 27,20 á mán. |
| 3. Af þrifasa mælum yfir 100 A | kr. 66,80 á mán. |
| 4. Af mestaaflsmælum | kr. 122,00 á mán. |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan inniheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stofngjald:

- | | |
|------------------------|------------------------------------|
| 1. 60 A 1-fasa | kr. 19 500,00 innif. allt að 40 m. |
| 2. 60 A 3-fasa | kr. 29 300,00 innif. allt að 40 m. |
| 3. 100 A 3-fasa | kr. 37 700,00 innif. allt að 40 m. |
| 4. 2000 A 3-fasa | kr. 51 900,00 innif. allt að 40 m. |

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstaður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skytt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD.

- Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 289,00.
- Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 289,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsing ráðuneytisins nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 131 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.